



Úrræði vegna faraldurs

3. skýrsla starfshóps: Nýting heimila og fyrirtækja

Efnisyfirlit

Útdráttur.....	3
1. Inngangur	4
2. Heildar umfang aðgerða.....	5
3. Stærstu sértæku úrræðin.....	7
3.1 Fjárstuðningur jókst aftur á nýju ári.....	7
3.2 Fyrirtæki í ferðaþjónustu fengið 2/3 fjárhæðar	8
3.3 Mikill meirihluti viðtakenda litlir rekstraraðilar.....	9
3.4 Ólík áhrif aðgerða á kynin	9
3.5 Tekjufallstyrkir	9
3.6 Viðspyrnustyrkir	11
3.7 Lokunarstyrkir	12
3.8 Greiðslur launa í sóttkví	13
3.9 Greiðslur launa á uppsagnarfresti.....	14
3.10 Frestun skattgreiðslna.....	14
3.11 Stuðnings- og viðbótarlán.....	15
3.12 Vinnumarkaðsúrræði.....	15
3.12.1 Hlutabætur	17
3.12.2 Virk vinnumarkaðsúrræði og aðgengi að menntun.....	17
3.13 Barnabætur	18
3.14 Endurgreiðsla VSK.....	18
3.15 Nýting séreignarsparnaðar	19
4. Ánægja stjórnenda með aðgerðir stjórnvalda eykst.....	21
4.1 Fjárhagsstaða fyrirtækja batnar og helmingur þeirra sem standa illa hafa hvorki nýtt sér greiðslufresti né stuðningslán.....	22
4.2 Fleiri fyrirtæki sjá fram á fjölgun starfsfólks en fækkun.....	22

Útdráttur

- Ríkisfjármálaaðgerðir vegna COVID-19 árin 2020-2021 nema 6,5% af vergri landsframleiðslu ársins 2020. Sé litið lengra fram á veginn nema aðgerðirnar yfir 9% af VLF.
- Hingað til nemur heildarumfang stærstu sértæku stuðningsaðgerða stjórnvalda til heimila og fyrirtækja ríflega 80 ma. kr. Af því hafa um 72% verið í formi tilfærslna, 15% í ríkistryggðra lána og 13% í frestun skattgreiðslna. Auk þess hafa um 27 ma.kr. verið greiddir úr séreignarsjóðum og 7 milljarðar króna verið endurgreiddir aukalega af virðisaukaskatti. Við þessi úrræði leggst kostnaður vegna ýmissa félagslegra úrræða og kostnaður heilbrigðiskerfisins auk fjárfestingarátaks.
- Ferðaþjónustufyrirtæki eru í meirihluta þeirra sem nýta sér úrræði stjórnvalda en nýting úrræða eftir atvinnugreininni er mismikil eftir úrræðum.
- Lítil fyrirtæki og einyrkjar eru 75% rekstraraðila sem nýtt hafa aðgerðir stjórnvalda. Um fjórðungur fyrirtækja í öllum stærðarflokkum hefur nýtt sér eitthvert úrræðanna.
- Tekjufallstyrkir hafa verið greiddir til 1.972 rekstraraðila fyrir samtals 9,8 ma.kr.
- Viðspyrnustyrkjum er ætlað að taka við af tekjufallstyrkjum og styðja fyrirtæki við að viðhalda lágmarksstarfsemi meðan áhrifa faraldursins gætir. Greiddir hafa verið viðspyrnustyrkir fyrir 2,3 ma.kr. til 709 rekstraraðila vegna nóvember 2020 til febrúar 2021. Enn geta bæst við umsóknir vegna þeirra mánaða og úrræðið gildir að óbreyttu út maí 2021.
- Lokunarstyrkir hafa verið í boði fyrir fyrirtæki sem hefur verið gert að loka tímabundið vegna faraldursins. Alls hafa 2,4 ma.kr. verið greiddir til rekstraraðila vegna úrræðisins.
- Hlutabætur eru umfangsmesta úrræði stjórnvalda, en greiðslur vegna þeirra nema 28,1 ma.kr. Næst eru það stuðnings- og viðbótarlán (12,2 ma.kr.), greiðsla launa á uppsagnarfresti (12,2 ma.kr.) og hefur skattgreiðslum verið frestað fyrir 10,2 ma.kr.
- Sérstök áhersla er nú lögð á virk vinnuþátttökuúrræði. Fjölmörg störf eru nú þegar í boði í átakinu *Hefjum störf*. Á annað þúsund manns hafa þegar þegið störf í gegnum úrræðið og alls hafa hátt á sjötta þúsund manns þegið ráðningar- eða nýsköpunarstyrki það sem af er árinu. Þessu til viðbótar nýta margir námsúrræði í hverjum mánuði.
- Ánægja með efnahagsaðgerðirnar jókst í byrjun árs 2021 samanborið við haustmánuði 2020 samkvæmt könnun sem Gallup hefur gert fyrir fjármála- og efnahagsráðuneytið. Í febrúar/mars voru 60% svarenda ánægðir með aðgerðirnar en 15% óánægðir og um fjórðungur hvorki né.

1. Inngangur

Ríkisfjármálunum hefur verið beitt til að draga úr neikvæðum áhrifum faraldursins til skemmri og lengri tíma og dreifa kostnaði vegna hans á fleiri herðar og yfir tíma. Ríkisfjármálastefnan hefur með þessu lagst á sömu sveif og peningstefnan og aðgerðir á sviði þjóðhagsvarúðar.

Hér er birt þriðja skýrsla starfshóps fjármála- og efnahagsráðherra um eftirfylgni efnahagsaðgerða vegna heimsfaraldurs kórónuveiru. Þetta er önnur skýrsla hópsins þar sem sjónum er beint að nýtingu stærstu sértæku efnahagsaðgerða stjórnvalda. Talnaefni um nýtingu úrræðanna er auk þess uppfært vikulega á vef ráðuneytisins.¹ Gögnin í þessari skýrslu ná í meginráttum fram í miðjan apríl nema að annað sé tekið fram. Starfshópurinn birti auk þess skýrslu í janúar þar sem fjallað var um aðgerðir vegna atvinnuástands, fólks í viðkvæmri stöðu og gagnvart sveitarfélögum. Var í þeirri skýrslu m.a. fjallað sérstaklega um fjölbreytt félagsleg úrræði, enda leggst faraldurinn með mjög ólíkum hætti á samfélagið.²

¹ <https://www.stjornarradid.is/covid-19/#Tab5>


² https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/%c3%96nnur%20sk%c3%bdrsla%20um%20n%c3%bdtingu%20%c3%barr%c3%a6%c3%b0a_%c3%a1%20vef.pdf

2. Heildar umfang aðgerða

Víða um heim hefur viðbragð ríkisfjármálanna verið sterkt, bæði gegnum sjálfvirka sveiflujafnara í skatt- og atvinnuleysisbótakerfum og sértækar aðgerðir. Hér á landi nema mótvægisaðgerðir ríflega 190 mö.kr. árin 2020 og 2021 eða 6,5% af VLF 2020, en ríflega 9% af VLF sé horft lengra fram á veginn. Þá er sjálfvirkt viðbragð ríkisfjármálanna ótalið en það er talið nema um 205 mö.kr. á þessum tveimur árum.

Sértækt viðbragð ríkisfjármálanna er missterkt. Hér á landi er sjálfvirka viðbragðið nokkru sterkara en sértækar ráðstafanir en það er ekki meðtalið hér

Aukin útgjöld og tapaðar tekjur 2020-2021, % af VLF 2020




Heimild: Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, fjármála- og efnahagsráðuneytið.

Ríkisfjármálunum var beitt kröftuglega í þróuðum hagkerfum þar sem vænst var mikils samdráttar. Á Íslandi nam halli á afkomu hins opinbera 7,3% af VLF 2020 samkvæmt gögnum AGS, sem byggja á endurskilgreiningu ríkisaðila (7,1% samkvæmt bráðabirgðartölum birtum í fjármálaáætlun 2022-2026). Útlit er fyrir enn meiri halla árið 2021 en að frá árinu 2022 dragi úr honum líkt og fjallað er um ítarlega í fjármálaáætlun árunna 2022-2026. Innlend eftirspurn dróst aðeins saman um 1,9% árið 2020, sem er minni samdráttur en víða meðal þróaðra ríkja. Landsframleiðslan dróst hins vegar saman um 6,6%, 2020 sem er mikill samdráttur bæði í alþjóðlegum og sögulegum samanburði. Rekja má þennan mikla samdrátt landsframleiðslunnar til umfangs ferðaþjónustu hér á landi en atvinnugreinin stóð að baki nærri 40% af útflutningstekjum hagkerfisins árin 2017-2019.

Viðbragð ríkisfjármálanna var sterkt í iðnríkjum þar sem vænst var mikils samdráttar

Samdráttur VLF árið 2020 (x-ás) mót samanlögðum halla hins opinbera 2020-2021, % af VLF (y-ás)



Vert er þó að ítreka að alþjóðlegur samanburður á umfangi efnahagsaðgerða er verulegum vandkvæðum bundinn vegna skorts á samanburðarhæfum gögnum og ólíkum efnahagsaðstæðum og áhrifum faraldursins. Einnig var svigrúm hagstjórnaraðila ólíkt milli landa fyrir faraldurinn. Óvíða var svigrúm peningastefnu, þjóðhagsvarúðar og ríkisfjármála meira en hér á landi og fjárhagsstaða einkaaðila sterkari. Svigrúm smærri hagkerfa er þó minna en þeirra stærri, ekki síst þeirra sem gefa út forðagjaldmiðla.

3. Stærstu sértæku úrræðin

Heildarumfang stærstu sértæku stuðningsaðgerða stjórnvalda til heimila og fyrirtækja nemur ríflega 80 ma. kr. Af því hafa um 55 ma.kr. verið í formi tilfærslna eða 72% stuðningsins. Ríkistryggð lán nema ríflega 12 mö.kr. eða 15% af heildarumfangi og frestun skattgreiðslna ríflega 10 mö.kr. eða 13%.³ Auk þess hafa um 27 ma.kr. verið greiddir úr séreignarsjóðum og 7 milljarðar króna verið endurgreiddir aukalega af virðisaukaskatti. Heildarráðstafanir að meðtöldu fjárfestingarátaki eru taldar nema 89 ma.kr. árið 2020 og 104 ma.kr. árið 2021.

Úrræðin hafa verið nýtt af um 4.500 fyrirtækjum auk þess sem ríflega 36 þúsund einstaklingar hafa fengið greidd laun í minnkuðu starfshlutfalli (hlutabætur), þ.a. 4.186 í mars. Hlutabætur eru umfangsmesta úrræðið, en greiðslur vegna þeirra nema 28,1 ma.kr. Næst eru það stuðnings- og viðbótarlán (12,2 ma.kr.), greiðsla launa á uppsagnarfresti (12,2 ma.kr.), frestun skattgreiðslna (10,2 ma.kr.) og tekjufallsstyrkir (9,8 ma.kr.). Eftirstandandi frestun skattgreiðslna nemur aðeins 1,5 mö.kr.

Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið bannar að meginreglu til ríkisaðstoð sem er til þess fallin að raska samkeppni. Í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveiru voru veittar tímabundnar heimildir fyrir ríki til að veita fyrirtækjum sem lenda í ófyrirséðum lausafjárskorti sökum faraldursins stuðning. Lög um lokunar-, tekjufalls- og viðspyrnustyrki falla undir þennan tímabundna ríkisaðstoðar- ramma ásamt ferðagjöfnni. Upphaflega var gert ráð fyrir að ramminn gildi til lok árs 2020 og mátti stuðningur við hvern rekstraraðila og tengda aðila nema um 120 millj.kr. að hámarki. Í janúar 2021 var gildistími rammans framlengdur til lok árs 2021 og hámark stuðnings hækkað í rúmlega 260 millj.kr.


3.1 Fjárstuðningur jókst aftur á nýju ári

Í árdaga heimsfaraldursins nýttu fyrirtæki helst hlutabótaúrræðið og frestun skattgreiðslna. Á sumarmánuðum fór mestur fjárstuðningur ríkissjóðs í greiðslu launa á uppsagnarfresti og frá og með júlí hófu fyrirtæki að nýta sér stuðningslán. Lokunarstyrkir voru fyrst greiddir út til þeirra sem var gert að loka á tímabilinu 24. mars til 4. maí. Síðan hafa lokunarstyrkir verið greiddir út þrisvar í viðbót vegna lokanna frá og með 18. september.

Heilt yfir dró úr fjárstuðningi ríkissjóðs til fyrirtækja eftir því sem leið á 2020 en hann jókst á nýju ári þegar opnaði fyrir umsóknir um tekjufallsstyrki. Í mars var opnað fyrir viðspyrnustyrki sem eru framhald af tekjufallsstyrkjum. Greiðslur

³ Ríkissjóður hefur auk þess ábyrgst lán til Ícelandair fyrir há. 15 ma.kr. og 3,2 ma.kr. vegna Ferðaábyrgðarsjóðs.

vegna viðspyrnustyrkja nema ríflega tveimur milljörðum króna til þessa vegna 1.989 umsókna en enn eru nær 500 umsóknir um viðspyrnustyrki óafgreiddar.



Heimild: Hagstofa Íslands, Skatturinn, fjármála- og efnahagsráðuneytið

3.2 Fyrirtæki í ferðabjónustu fengið 2/3 fjárhæðar


Um 2/3 fjármagns vegna úrræðanna hefur ratað til fyrirtækja í ferðabjónustu, enda eru áhrif faraldurs og sóttvarnaaðgerða langmest meðal þeirra. Fyrirtæki í ferðabjónustu hafa nýtt greiðslu launa á uppsagnarfresti, viðspyrnu- og tekjufallsstyrki og ríkistryggð lán umfram fyrirtæki í öðrum atvinnugreinum. Vert er þó að taka fram að atvinnugreinaflokkun fyrirtækja í opinberum gögnum er ekki fullkomin.

	Heildarumfang (ma.kr.)	Hlutfall ferðabjónustu
Stuðningslán og viðbótarlán	12,2	68%
Greiðsla launa á uppsagnarfresti	12,2	87%
Frestun skattgreiðslna	10,2	38%
Tekjufallsstyrkur	9,8	64%
Lokunarstyrkur	2,4	20%
Viðspyrnustyrkur	2,3	72%

3.3 Mikill meirihluti viðtakenda litlir rekstraraðilar

Alls höfðu 4.316 rekstraraðilar nýtt sér a.m.k. eitt úrræði í febrúarlok 2021.⁴ Þrír af hverjum fjórum eru lítil fyrirtæki með færri en 5 starfsmenn eða einyrkjar. Í hverjum stærðarflokki sem tilgreindur er á meðfylgjandi mynd hefur a.m.k. fjórðungur rekstraraðila nýtt sér eitthvert úrræðanna. Hæst er hlutfallið hjá rekstraraðilum með aðeins einn launþega og fyrirtækjum með 10-49 launþega en þar hefur þriðjungur þegið stuðning. Fyrirtæki með yfir 25 starfsmenn hafa þó fengið helming fjárhæðanna.


4.316 rekstraraðilar höfðu nýtt sér a.m.k. eitt úrræði og 75% þeirra voru litil fyrirtæki með <5 starfsmenn



Heimild: Hagstofa Íslands.

Yfir fjórðungur fyrirtækja í hverjum stærðarflokki hafa nýtt sér úrræði

Hlutfall rekstraraðila sem hafa nýtt sér úrræði eftir stærð



Heimild: Hagstofa Íslands.

3.4 Ólík áhrif aðgerða á kynin

Ætla má að stór hluti þeirra úrræða sem beint er að fyrirtækjum, sér í lagi tekjufallsstyrkir og viðspyrnustyrkir, gagnist kynjunum með sambærilegum hætti þar sem nýtingin er langmest meðal fyrirtækja í ferðabjónustu þar sem kynjahlutfall starfandi er nokkuð jafnt. Hæstar fjárhæðir vegna lokunarstyrkja hafa þó verið greiddar til fyrirtækja sem starfa í þjónustu þar sem konur eru mikill meirihluti starfandi. Þá hefur endurgreiðsla VSK fyrst og fremst verið vegna vinnu í greinum þar sem karlar eru í yfirgnæfandi meirihluta. Fleiri karlar en konur hafa einnig nýtt sér úttekt séreignarsparnaðar og tekið út hærri upphæðir en konur, enda eiga þeir að meðaltali meira til ráðstöfunar. Þá hafa fleiri karlar en konur fengið vinnu í gegnum átakið „Hefjum störf“ og mikilvægt að fylgast vel með þróuninni og gera ráðstafanir til að úrræðið nýtist kynjunum með sem jöfnustum hætti.


3.5 Tekjufallstyrkir

Tekjufallsstyrkir var fyrra styrkjaúrræðið af tveimur sem ætlað var að styðja rekstraraðila (fyrirtæki og einyrkja) sem höfðu orðið fyrir töluverðu tekjufalli vegna heimsfaraldurs kórónuveiru. Þá var litið helst til aðila í ferðabjónustu og í

⁴ Þessar tölur byggja á gagnakeyrlu Hagstofunnar sem unnin var fyrir fjármála- og efnahagsráðuneytið í mars.

menningargreinum. Styrknum var ætlað að aðstoða rekstraraðila sem urðu fyrir a.m.k. 40% tekjufalli á tímabilinu 1. apríl til 31. október 2020. Fjárhæð tekjufallsstyrks nam rekstrarkostnaði á tímabilinu en styrkfjárhæð var þó bundin hámarki. Styrkurinn gat ekki numið hærri fjárhæð en sem nam tekjufalli rekstraraðila ásamt því sem hámarkið var bundið við tekjufallsbil og fjölda stöðugilda. Þannig var algjört hámark styrksins 14 millj.kr. ef tekjufallið var 40-70% og 17,5 millj.kr. ef tekjufallið var 70-100% á tímabilinu.

Dreifing tekjufallsstyrks til 1.972 rekstraraðila




Heimild: Skatturinn.

Umsóknir um tekjufallsstyrki opnaði snemma á nýju ári og hafa nú verið greiddir út tekjufallsstyrkir fyrir 9,8 ma.kr. til um 2 þús. rekstraraðila. Meðalfjárhæð tekjufallsstyrks nemur því um 5 milljónum á hvern rekstraraðila, en 135 umsóknir um tekjufallsstyrki eru í vinnslu hjá Skattinum og nema þær 355 millj.kr. Úrræðið hefur nýst ríflega eitt þúsund rekstraraðilum starfandi í ferðaþjónustu og hafa þeir fengið greidda yfir 6 ma.kr. í tekjufallsstyrki. Þannig hafa 64% fjárhæðanna farið til rekstraraðila í ferðaþjónustu sem er svipuð hlutdeild og í öðrum úrræðum, en þar vega gististaðir (1,8 ma.kr.), ferðaskipuleggjendur (1,7 ma.kr.) og veitingahús (1,4 ma.kr.) þyngst. Ekki er útlit fyrir að rekstraraðilar í menningargreinum hafi nýtt sé úrræðið í miklum mæli, aðeins um 150 rekstraraðilar í menningargreinum hafi fengið tekjufallsstyrk fyrir nær 430 millj.kr. Þess má geta að hlutfall starfandi eftir kynjum er mjög jafnt í ferðaþjónustu í heild en mestu munar í rekstri gististaða þar sem konur eru í meirihluta.

Umsóknarfrestur um tekjufallsstyrk er til 1. maí 2021.

Fyrirtæki í ferðaþjónustu hafa fengið um 65% tekjufallstyrkja



■ Ferðaþjónusta ■ Verzlun ■ Menningargreinar ■ Aðrar atvinnugreinar


Heimild: Skatturinn.

3.6 Viðspyrnustyrkir

Viðspyrnustyrkir eru nokkurs konar framhald af tekjufallsstyrkjum. Þeim er ætlað að aðstoða rekstraraðila sem verða fyrir tekjufalli að viðhalda lágmarksstarfsemi meðan áhrifa faraldursins gætir. Rekstraraðilar sem verða fyrir a.m.k. 60% tekjufalli í hverjum almanaksmánuði tímabilsins frá nóvember 2020 til og með maí 2021 geta sótt um viðspyrnustyrk sem nemur 90% af rekstrarkostnaði þann almanaksmánuð sem umsókn varðar. Viðspyrnustyrkur getur aldrei numið hærri fjárhæð en sem nemur tekjufalli rekstraraðila í viðkomandi almanaksmánuði. Jafnframt er hámark styrksins bundið við tekjufallsbil líkt og átti við tekjufallsstyrkina en það nemur 2 millj.kr. á mánuði sé tekjufall 60-80% en 2,5 millj.kr. á mánuði sé tekjufallið 80-100%.

Opnað var fyrir umsókn um viðspyrnustyrki 2. mars 2021 og hefur nú verið greitt út 2,3 ma.kr. til um 709 rekstraraðila. Enn á eftir að greiða hluta þeirra umsókna sem hafa þegar borist Skattinum. Umsóknarfrestur um viðspyrnustyrk er til 30. júní 2021. Um 700 millj.kr. voru greiddar í viðspyrnustyrki til 605 rekstraraðila vegna a.m.k. 60% tekjufalls í nóvembermánuði síðasta árs. Umfang viðspyrnustyrkja dróst saman mánuð fyrir mánuð og nam 336 millj.kr. til 276 rekstraraðila vegna tekjufalls í febrúar 2021.

Um 63% viðtakenda starfa í ferðaþjónustu og nemur styrkur til þeirra 72% af heildarfjárhæð úrræðisins. Mikill meirihluti ferðaþjónustufyrirtækja hafa fengið viðspyrnustyrk vegna tekjufalls alla fjóra mánuðina sem styrkurinn hefur verið greiddur út fyrir.



3.7 Lokunarstyrkir

Í sóttvarnarskyni hefur tiltekinni starfsemi verið skylt að loka og óheimilt hefur verið að veita tilgreinda þjónustu tímabundið en rekstraraðilar í slíkri starfsemi hafa átt rétt á lokunarstyrk sem nemur rekstrarkostnaði á tímabili lokunar sem þó er bundin hámarki. Styrkfjárhæð nemur rekstrarkostnaði á lokunartímabili en hámarkið miðast við fjölda launamanna en ekki fjölda stöðugilda eins og í tilviki tekjufalls- og viðspyrnustyrkja. Ástæða þess var að einstaklingar, einkum konur, væru oftast í hlutastörfum í þeim fyrirtækjum sem þá þurftu að sæta lokunum.

Fyrstu lokunarstyrkirirnir voru greiddir út til þeirra sem var skylt að stöðva starfsemi á tímabilinu 24.mars-4.mái 2020. Aldrei síðar hefur fleiri rekstraraðilum verið gert að loka eða stöðva starfsemi, enda var þá óheimilt að veita ýmsa heilbrigðisþjónustu, s.s. tannlækningar og sjúkráþjálfun, sem ekki hefur verið skert síðan. Seinni lokunartímabil vormánaða 2020, nánar tiltekið 4.mái-25.mái, var töluvert takmarkaðra og náði helst til kráa, skemmtistaða, líkamsræktarstöðva og sundlauga. Í heildina voru greiddir lokunarstyrkir fyrir um einn milljarð til ríflega eitt þúsund rekstraraðila vegna lokanna vorið 2020. Stór hluti þeirra fór til fyrirtækja starfandi í heilbrigðisþjónustu og annarri þjónustu sem aðeins var gert að loka á fyrra tímabilinu.


Lokunarstyrkjaúrræðið tók breytingum haustið 2020 þegar rýmkað var hámark styrkfjárhæðar. Lokunarstyrkir vegna tímabilsins 18. september og fram til 30. júní 2021 eru bundnir því hámarki að styrkfjárhæð verður ekki hærri en 20 þús. á hvern launamann á hvern lokunardag. Þannig varð hámark lokunarstyrks í raun 120 millj.kr.⁵ og nýttist því núverandi útgáfa lokunarstyrkja betur stærri

⁵ Endurspeglar hámark ríkisaðstoðar í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar. Þann 28. Janúar 2021 hefur framkvæmdarstjórn Evrópusambandsins hækkað þak stuðnings til hvers rekstraraðila og tengdra aðila í rúmar 260 millj.kr. m.v. gengið eins og það var skráð í lok mars 2021.

rekstraraðilum sem hefur verið gert að loka og óheimilt að veita þjónustu. Vegna lokana frá hausti 2020 hefur verið greitt út 1,4 ma.kr. í lokunarstyrki til um 560 rekstraraðila.

Nú þegar hafa verið greiddir út í heildina nær 2,4 ma.kr. í lokunarstyrki. Hæstar fjárhæðir hafa farið til rekstraraðila í þjónustugreinum sem krefjast nálægðar og flokkast ekki sem heilbrigðisþjónusta, s.s. hárgreiðslu- og snyrtistofa. Í þeim hópi eru konur mun fjölmennari en karlar og eru alla jafna einyrkjar eða með lítil fyrirtæki. Litlu minna hefur ratað til rekstraraðila í menningar-, íþróttar og tómstundastarfsemi sem eru gjarnan stórir vinnustaðir með nokkuð jöfnum kynjahlutföllum. Ýmissri heilbrigðisþjónustu var gert að loka síðastliðið vor og þá var greitt út nær hálfan milljarð til rekstraraðila í atvinnugreininni. Ríflega 400 millj.kr. hafa farið til rekstraraðila í rekstri gististaða og veitingahúsa, þar vega líklega þyngst krár og skemmtistaðir en þeim hefur verið gert að loka lengst af öllum rekstraraðilum.


Styrkirnir hafa í meira mæli farið til smærri rekstraraðila, þ.e. einyrkja (22%) eða lítilla (26%) eða meðalstórra fyrirtækja með færri en 10 launamenn (19%). Eftir breytingu úrræðisins hafa styrkfjárhæðir til stærri rekstraraðila þó farið hækkandi.



Heimild: Hagstofa Íslands.

3.8 Greiðslur launa í sóttkví

Ríkissjóður styður atvinnurekendur sem greiða launamönnum sem sæta sóttkví laun þegar önnur réttindi, s.s. veikindaréttur samkvæmt kjarasamningum, eiga ekki við. Með þessu móti er stefnt að því að einstaklingar geti fylgt fyrirmælum heilbrigðisyfirvalda um sóttkví án þess að þurfa að hafa áhyggjur af afkomu sinni. Alls hafa verið greiddir út 453 m.kr. vegna launa í sóttkví.



Heimild: fjármála- og efnahagsráðuneytið.

3.9 Greiðslur launa á uppsagnarfresti

Frá 1. maí 2020 var boðið upp á fjárstuðning til greiðslu launa á uppsagnarfresti til rekstraraðila sem fundu sig knúna til að segja upp launamönnum vegna verulegrar fjárhagslegrar röskunar í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveiru. Markmið úrræðisins var að tryggja réttindi launafólks og stuðning til handa atvinnurekendum sem urðu fyrir miklu tekjutapi í kjölfar heimsfaraldurs. Stuðningurinn nam að hámarki 85% af launakostnaði launamanns á uppsagnarfresti og náði til þeirra uppsagna sem höfðu uppsagnardag frá og með 1.maí og til og með 1.október 2020.

Alls var greitt út 12,2 milljarða króna til greiðslu launa á uppsagnarfresti. Um 87% fjárhæðanna fóru til fyrirtækja starfandi í ferðaþjónustu, þá sérstaklega fyrirtækja í farþegaflutningum og í rekstri gististaða. Jafnframt hefur úrræðið nýst stærri fyrirtækjum í meira mæli en 2/3 fjárhæðanna fóru til fyrirtækja með yfir 50 starfsmenn.

3.10 Frestun skattgreiðslna

Strax í upphafi faraldursins var launagreiðendum veitt heimild til að fresta, fram til 15. janúar 2021, 50% af staðgreiðslu launa sem var á gjalddaga í mars 2020. Eftir það var launagreiðendum sem áttu við tímabundna rekstrarörðugleika að stríða veitt heimild til að óska eftir frestun á allt að þremur greiðslum sem voru á gjalddaga í apríl til og með desember 2020, einnig fram til 15. janúar 2021. Samtals námu frestaðar greiðslur rúmlega 20 ma.kr. fyrir árið 2020. Sem hluti af úrræðinu var auk þess veitt heimild fyrir þá sem þess óskuðu til að færa gjalddagann 15. janúar 2021 enn aftar, eða til júní, júlí og ágúst 2021. Sú frestun nemur nú 8,3 ma.kr.

Greiðslum sem voru á gjalddaga í janúar 2021 og ekki var óskað eftir að dreifa áfram á árið 2021 nema um 1.250 m.kr.

Fyrir árið 2021 var ákveðið að veita heimild til að fresta allt að tveim gjalddögum á árinu 2021 með gjalddaga 15. janúar 2022 og nema þær frestanir nú 670 m.kr.


Tekið sé mið af stöðu 14. apríl 2021 eru samtals frestanir fyrir 2020 og 2021 því um 10,2 ma.kr.

Í fyrstu skýrslu starfshópsins var fjallað um aðrar aðgerðir í skattamálum: Niðurfelling gistináttaskatts, niðurfelling tollafgreiðslugjalda, frestun á greiðslu aðflutningsgjalda, flýting á niðurfellingu á sérstökum skatti á fjármálafyrirtæki, jöfnun skattgreiðslna lögaðila, niðurfelling álags á VSK og frestun fasteignaskatta hjá sveitarfélögum.

3.11 Stuðnings- og viðbótarlán

Um 960 fyrirtæki hafa fengið liðlega 9,5 ma.kr. í stuðningslán frá því um mitt ár 2020. Ríkissjóður ábyrgist að fullu stuðningslán að 10 millj.kr. til hvers rekstraraðila en fjárhæðir umfram 10 millj.kr. hefur 85% ríkisábyrgð. Um 2/3 fjárhæðanna eru með 100% ríkisábyrgð en þriðjungur með 85% ríkisábyrgð. Meðaltekjutap fyrirtækja sem hafa fengið stuðningslán var 78%. Um 53% fyrirtækjanna starfa í ferðaþjónustu og hafa þau fengið um 60% fjármagnsins. Þrjú af hverjum fimm fyrirtækjum eru á höfuðborgarsvæðinu.

Um 960 aðilar hafa fengið 9,5 ma.kr. stuðningslán



Heimild: Seðlabanki Íslands.


Átta viðbótarlán hafa verið veitt með 70% ríkisábyrgð. Um ádráttarlán er að ræða og námu eftirstöðvar lánanna 2,7 mö.kr. í lok mars sl. Mikill meirihluti fjárhæðanna hafa farið til ferðaþjónustu. Alls hefur 68% fjárhæða stuðnings- og viðbótarlána farið til fyrirtækja í ferðaþjónustu.

3.12 Vinnumarkaðsúrræði

Almennt atvinnuleysi er nú 11% og atvinnuleysi í minnkuðu starfshlutfalli er 1,1%. Atvinnuleysi minnkaði alls staðar á landinu í mars en atvinnuástandið er langtum verst á Suðurnesjum. Vísbendingar eru um fjölgun starfa næstu mánuði, bæði í könnunum meðal fyrirtækja (líkt og fjallað er um að aftan) og í atvinnuauglýsingum.

Hlutfall erlendra ríkisborgara í heildaratvinnuleysi hefur verið stöðugt síðustu mánuði en atvinnuleysið meðal þeirra er 24%. Pólverjar eru helmingur erlendra ríkisborgara á atvinnuleysissskrá. Næstum 80% atvinnulausra eru undir fimmtugu og helmingur á aldrinum 30-49 ára. Fjórir af hverjum tíu atvinnulausum eru erlendir ríkisborgara á þrítugs og fertugsaldri. Atvinnuleysi kynjanna er jafnt á landsvísu en það er nokkuð mismunandi eftir landshlutum og er mestur munur á Suðurnesjum þar sem atvinnuleysi kvenna er 27,5% en karla 22,6%.

Atvinnulausum fækkaði í febrúar og mars




Heimild: Vinnumálastofnun.

Greina má merki um bata á vinnumarkaði í ársbyrjun 2021. Atvinnuleysi dróst saman í febrúar og mars og þó nokkuð var auglýst af störfum á fyrsta fjórðungi ársins, flest þeirra voru heilbrigðis-, sérfræði og upplýsingatæknistörf. Fjórðungur auglýstra starfa voru hjá ríki og dreifðust þau meira um landið en auglýst störf á heildina litið.

Störf eru að skapast á ýmsum sviðum atvinnulífsins en ferðabjónustan er enn í frosti

Fjöldi auglýstra starfa á fyrsta ársfjórðungi 2021




Heimild: fjármála- og efnahagsráðuneytið.

Aðgerðir stjórnvalda vegna aukins atvinnuleysis hafa verið fjórpættar: i) Stuðningur við eftirspurn í hagkerfinu og sköpun starfa. ii) Hlutabætur til að styðja við ráðningarsambönd, enda getur falist í því mikill efnahagslegur

kostnaður að para vinnuafl og vinnuveitendur að nýju. iii) Hækkun bótagreiðslna. iv) Virk vinnumarkaðsúrræði og aðgengi að menntun, bæði til að styrkja hæfni atvinnuleitenda og stuðla að endurráðningu þeirra, ekki síst fyrir þau sem hafa verið lengi án atvinnu.

3.12.1 Hlutabætur

Til þess hafa rúmlega 28 ma.kr. verið greiddir í hlutabætur, þ.a. nærri 2,7 ma.kr. fyrstu þrjá mánuði ársins 2021. Alls hafa rúmlega 36 þúsund einstaklingar fengið bætur einhvern tíma á gildistíma úrræðisins frá apríl 2020 til apríl 2021, 57% karlar og 43% konur. Frá síðasta sumri hafa að meðaltali um 4.350 einstaklingar fengið greiddar hlutabætur í hverjum mánuði. Gert er ráð fyrir að kostnaður vegna hlutabótaleiðarinnar nemi 6 mö.kr. fram til maíloka 2021 þegar úrræðið rennur sitt skeið. Heildarkostnaður ríkissjóðs vegna úrræðisins mun því alls nema um 30 mö.kr.



Heimild: fjármála- og efnahagsráðuneytið.

3.12.2 Virk vinnumarkaðsúrræði og aðgengi að menntun

Í mars tóku á fjórða þúsund þátt í hinum ýmsu vinnumarkaðsúrræðum, s.s. styttri námskeiðum. 641 var skráður í lengra nám á framhalds- eða háskólastigi og 314 voru í úrræðinu. Nám er tækifæri þar sem einstaklingum gefst tækifæri að stunda nám í eina önn á atvinnuleysisbótum, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Mikil aðsókn var í framhaldsskóla og háskóla haustið 2020. Nemendum í framhaldsskólum landsins fjölgaði um 7,4% og var meira en helmingur þeirra sem hófu nám eldri nemendur. Þriðjungur nemenda í framhaldsskólum voru í starfsnámi. Nemendum á háskólastigi fjölgaði um 12% frá árinu á undan. Þá sýna tölur í þremur stærstu háskólunum að fjölgun innritaðra nemenda milli voranna 2020 og 2021 nemur 15,7%. Ríflega 4,7 ma.kr. hafa verið settir í skólakerfið til að mæta þessari fjölgun. Að auki er kostnaður vegna Nám er tækifæri áætlaður 2,7 ma.kr. og 800 m.kr. kostnaður vegna sumarnáms árið 2020.


Fyrir skömmu hófst átakið Hefjum störf þar sem áætlað er að koma um sjö þúsund manns í vinnu. Átakið hefur farið vel af stað en alls hafa 737 rekstraraðilar auglýst 2.150 störf. Þegar hafa tæplega 6.700 sótt um þau. Leggst átakið við

almennt ráðningarátak. Alls hafa 5.636 manns nýtt sér eitthvert þessara úrræða á árinu, þ.a. 62% karlar og 38% konur. Íslendingar eru 25% en þar eru kynjahlutföllin jöfn, Pólverjar 50% og aðrir erlendir ríkisborgarar 25%. Af erlendu ríkisborgurunum eru 65% karlar en þeir eru 55% atvinnulausra erlendra ríkisborgara.

3.13 Barnabætur

Sem hluti af aðgerðum til að létta undir með tekjulágu launafólki voru neðri skerðingarmörkum barnabóta hækkuð. Hjá einstæðum foreldrum hækkuðu skerðingarmörkin úr 3,9 m.kr. á ársgrundvelli í 4,2 m.kr., eða úr 325 þúsund kr. á mánuði í 351 þúsund kr. á mánuði. Hjá hjónum og aðilum í sambúð hækkuðu skerðingarmörkin úr 7,8 m.kr. á ársgrundvelli í 8,4 m.kr., eða úr 650 þúsund kr. á mánuði í 702 þúsund kr. Hærri skerðingarmörk hafa leitt til þess að einstætt foreldri sem hefur allar tekjur sínar af launavinnu og greiðir 4% skylduiðgjald í lífeyrissjóð að það er engin skerðing á barnabótum upp að 365.040 kr. á mánuði. Sambærileg hækkun hjá hjónum og aðilum í sambúð sem búa við sömu skilyrði er 730.080 á mánuði. Heildarkostnaður vegna barnabóta er áætluð 13,9 ma.kr. árið 2021 og hefur hækkað um 21,5% frá árinu 2014.

Fjallað var um sérstakan barnabótaauka sem var greiddur árið 2020 í fyrri skýrslu starfshópsins.



Heimild: Skatturinn.

3.14 Endurgreiðsla VSK

Breytingar á endurgreiðslum VSK í því skyni að draga úr kostnaði við framkvæmdir, viðgerðir, viðhald o.fl. og hvetja til slíkra verkefna eru margþættar. Um er að ræða hækkun hlutfalls endurgreidds VSK vegna íbúðarhúsnæðis úr 60% í 100% og útvíkkun þannig að auk vinnu við nýbyggingar og viðhald íbúðarhúsnæðis er endurgreitt VSK vegna vinnuliðar framkvæmda við sumarhús, við hönnun og eftirlit með framkvæmdum, heimilishjálp og reglulega umhirðu íbúðarhúsnæðis og loks vegna vinnu við viðgerðir, réttingar og sprautun bifreiða. Ennfremur er endurgreiðsluheimild fyrir sveitarfélög útvíkkuð til annars húsnæðis en íbúðarhúsnæðis og félögum sem starfa í þágu almannaheilla veittur endurgreiðsluréttur. Framangreint gildir um vinnu sem er unnin á tímabilinu 1.

mars 2020 til 31. desember 2021. Endurgreiðslurnar hafa að stórum hluta farið til greina þar sem karlar eru í miklum meirihluta og jafnvel 9 af hverjum 10 starfandi, líkt og í byggingariðnaði.

Úrræði í formi VSK endurgreiðslna	Fjárhæð, m.kr.
Íbúðarhúsnæði - nýbyggingar og viðhald (hækkun úr 60% í 100%) ¹	5.100
Íbúðarhúsnæði: hönnun og eftirlit	277
Frístundahúsnæði	499
Heimilishjálp og regluleg umhirða	174
Bifreiðaviðgerðir einstaklinga	333
Annað húsnæði sveitarfélaga	429
Húsnæði almannaheillafélaga	141
Alls	6.954


1. Í tilviki nýbygginga og viðhalds íbúðarhúsnæðis eru allajafna endurgreidd 60% af VSK vegna vinnuliðarins. Þar sem taflan einskorðast við áhrif allra tímabundinna viðbóta vegna Covid-19 er einungis sýndur sá hluti endurgreiðslunnar sem má rekja til þess, þ.e. hækkunin úr 60% í 100%. Endurgreiðslur í þessum lið eru í heild mun hærrí.

3.15 Nýting séreignarsparnaðar

Frá miðju ári 2014 hafa 139 ma.kr. verið greiddir úr séreignarsparnaði vegna sérstakra úrræða stjórnvalda. Af þeim hafa 113 ma.kr. verið greiddir skattfrjálst inn á lán, þ.a. 97 ma.kr. áður en COVID faraldurinn skall á í byrjun síðasta árs, og um 27 ma.kr. hafa verið greiddir út frá því í apríl 2020 í sérstöku úrræði vegna COVID-19 faraldursins. COVID úrræðið hefur verið framlengt út árið 2021 og stefnt er að því að framlengja bráðabirgðaákvæðið um séreignarsparnað frá árinu 2014 um tvö ár til júlí 2023, en það átti að falla úr gildi um mitt ár 2021.

Um 65% þeirra sem nýta sér úttekt á séreignarsparnaði eru karlar og hafa þeir tekið út sama hlutfall af heildar fjárhæðinni. Að meðaltali eru útgreiðslur hálf milljón króna og greiðslur til kvenna eru um 85% af greiðslum til karla.

Mánaðarleg nýting séreignarsparnaðar í öllum úrræðum frá janúar 2020 og uppsöfnuð nýting frá júlí 2014, m.kr.




Heimild: Skatturinn.

4. Ánægja stjórnenda með aðgerðir stjórnvalda eykst

Gallup hefur gert könnun fyrir fjármála- og efnahagsráðuneytið um viðhorf fyrirtækja til efnahagsaðgerða stjórnvalda. Þetta er í fjórða sinn sem könnunin er framkvæmd á handahófsvöldu úrtaki fyrirtækja með fjóra starfsmenn eða fleiri.

Í könnuninni kemur í ljós að ánægja með efnahagsaðgerðirnar jókst í byrjun árs 2021 samanborið við haustmánuði 2020. Nú voru 60% svarenda ánægðir með aðgerðirnar en 15% óánægðir og um fjórðungur hvorki né. Mest óánægja mældist hjá fyrirtækjum í útgerð/fiskvinnslu, ferðaþjónustu og í iðnaði, þó var meirihluti fyrirtækjanna í þeim atvinnugreinum ánægður með efnahagsaðgerðir stjórnvalda.

Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með efnahagsaðgerðir stjórnvalda vegna COVID-19?



Heimild: Gallup.

Margir telja stuðninginn stjórnvalda skilvirkan og kröftugan, að stjórnvöld hafi sýnt ábyrgð og dregið úr óvissu með góðu upplýsingaflæði. Helsta gagnrýni innan ferðaþjónustunnar lútir að seinagangi í framkvæmd úrræðanna, en þegar könnunin var gerð höfðu orðið tafir á umsóknarferli fyrir viðspyrnu- og tekjufallsstyrki hjá Skattinum. Fyrirtæki í iðnaði gagnrýna skort á úrræðum fyrir fyrirtæki utan ferðaþjónustu og innan annarra greina eru áhyggjur um mikinn halla ríkissjóðs og kostnað skattgreiðenda í framtíðinni.


Óánægja með efnahagsaðgerðir stjórnvalda fór gjarnan samhliða kröfu um tilslakanir á takmörkunum innanlands og óánægja var mest hjá fyrirtækjum í slæmri fjárhagslegri stöðu. Aðeins tæpur helmingur fyrirtækjanna sem sögðu sig óánægð með aðgerðir stjórnvalda höfðu sótt um úrræði hjá aðalviðskiptabanka vegna COVID-19, s.s. greiðslufrest eða stuðningslán.

Í heildina þótti helmingi fyrirtækjanna hlutabótaleiðin og uppsagnarstyrkir gagnlegustu úrræðin. Þetta átti sérstaklega við meðalstór fyrirtæki og fyrirtæki í ferðaþjónustu. Þá höfðu 10% af fyrirtækjunum sótt um úrræði hjá viðskiptabanka vegna COVID-19, algengast var þar að fyrirtæki nýttu sér greiðslufrest. Ríflega helmingur fyrirtækja í ferðaþjónustu fékk greiðslufrest en hlutfallið var talsvert lægra í öðrum atvinnugreinum. Afar fá fyrirtæki höfðu sótt um úrræði en ekki fengið, eða 0,7% af heildinni.

4.1 Fjárhagsstaða fyrirtækja batnar og helmingur þeirra sem standa illa hafa hvorki nýtt sér greiðslufresti né stuðningslán

Meirihluti fyrirtækja telur sig standa fjárhagslega vel til að takast á við tímabundin áföll á næstu mánuðum í kjölfar COVID-19. Hlutfallið hefur aldrei mælst hærra í könnun Gallup. Rétt yfir 20% fyrirtækja telja sig standa illa til að takast á við áföll, en þar var hlutfallið hæst hjá fyrirtækjum í ferðaþjónustu en það var einnig nokkuð hátt hjá fyrirtækjum í iðnaði. Minni fyrirtækin töldu sig frekar í vondri fjárhagsstöðu en þau stærri. Það sama gildir um fyrirtæki með fáa eða enga starfsmenn á skrifstofu, litla ársveltu og þau sem hafa þurft að fækka starfsfólki í kjölfar COVID-19. Aðeins um helmingur þessara fyrirtækja hafði nýtt sér greiðslufrest eða stuðningslán.

Hversu vel eða illa telur þú fyrirtækið standa fjárhagslega til að takast á við tímabundin áföll á næstu mánuðum í kjölfar COVID-19?



■ Illa ■ Hvorki né ■ Vel


Heimild: Gallup.

4.2 Fleiri fyrirtæki sjá fram á fjölgun starfsfólks en fækkun

Fjórðungur fyrirtækjanna hefur þurft að fækka starfsfólki sökum heimsfaraldurs COVID-19 sem er álíka hátt hlutfall og í fyrri könnunum Gallup. Uppsagnir áttu sér stað hjá nánast öllum ferðaþjónustufyrirtækjunum í könnuninni, nær 30% fyrirtækja starfandi í iðnaði og 20% fyrirtækja í verslun og þjónustu.

Mikið fleiri forsvarsmenn telja nú að starfsfólki í fyrirtækinu fjölgi á næstu 3 mánuðum en að þeim fækki. Um 28% töldu að starfsfólki muni fjölga nokkuð en hlutfallið var aðeins 12% þegar könnunin var framkvæmd í okt.-nóv. 2020. Fjölgun

starfsfólks er vænst í hluta fyrirtækja í öllum atvinnugreinum en þó hlutfallslega mest í iðnaði og veitustarfsemi. Aðeins tæp 5% fyrirtækja töldu að starfsfólki muni fækka nokkuð á næstu 3 mánuðum. Helst yrði það hjá fyrirtækjum í framleiðslu, flutningum, upplýsinga- og fjarskiptastarfsemi.



Heimild: Gallup.

